



Samþykkt

Vegna álagningar fasteignaskatts og fráveitugjalds ár hvert skal reikna út afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi út frá tekjuviðmiðun skv. síðasta skattframtali. Forsendur þess að umsækjandi geti fengið afslátt af fasteignaskatti er útlitað í 3. grein reglna um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds er eftirfarandi fyrir einstakling:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Einstaklingur með tekjur allt að			3.829.462
80%	Einstaklingur með tekjur frá	3.829.463	til	4.239.760
50%	Einstaklingur með tekjur frá	4.239.761	til	4.689.136
25%	Einstaklingur með tekjur frá	4.689.137	til	5.177.589

(uppreiknað 1. janúar 2019)

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega í sambúð og með samsköttun:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Sameiginlegar tekjur allt að			6.615.342
80%	Sameiginlegar tekjur frá	6.615.343	til	7.324.127
50%	Sameiginlegar tekjur frá	7.324.128	til	8.100.417
25%	Sameiginlegar tekjur frá	8.100.418	til	8.944.212

(uppreiknað 1. janúar 2019)

Heimilt er að veita einstakling sem vistaður er á hjúkrunar- eða dvalarheimili, og er með skertan lífeyri til framfærslu af þeim sökum, allt að 100% afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi. Forsenda þess að heimild þessi verði nýtt er að enginn annar búi í umræddu íbúðarhúsi.

Bent skal sérstaklega á að vegna fasteignaskattsálagningar verður að sækja skriflega um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir 1. maí ár hvert. Umsókninni skal fylgja staðfest skattframtal. Með umsókn öryrkja skal einnig fylgja vottorð um örorkumat.